



**Fundur í byggingar- og skipulagsnefnd Fljótsdalshrepps 30. apríl 2019
kl. 16:00 í fundarherbergi Végarði.**

Fundarmenn: Eiríkur J. Kjerúlf formaður, Helga H. Vigfúsdóttir, Jón Þór Þorvarðarson og Sveinn Þórarinsson, byggingarfulltrúi.

1. Framkvæmdaleyfi vegna Kröflulínu 3.

Byggingar- og skipulagsnefnd samþykkir fyrir sitt leyti að veita framkvæmdaleyfi fyrir byggingu Kröflulínu 3 í samræmi við 13.-15. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 sbr. umsókn Landsnets hf. dags. 11. júlí 2017. Afgreiðsla nefndarinnar byggir á þeim gögnum sem lögð hafa verið fram og nefndin hefur kynnt sér um Kröflulínu 3 innan marka Fljótsdalshrepps og lýst er í umsókninni og fylgigögnum hennar, þ.m.t. uppdráttum af línuleið, teikningum af mannvirkjum og þeim mótvægisaðgerðum, sem lýst er í þeim gögnum.

Byggingar- og skipulagsnefnd vísar málinu til sveitarstjórnar til lokaafgreiðslu.

2. Arnaldsstaðir.

Hilmar Gunnlaugsson hrl. sækir um byggingarleyfi fyrir einbýlishús fyrir hönd Aldgate eigna ehf. á landareign félagsins á Arnaldsstöðum.

Vegna hugsanlegrar ofanflóðahættu telur byggingar- og skipulagsnefnd nauðsynlegt að leita álits Skipulagsstofnunar á því hvort óska beri eftir staðbundu hættumati hjá Veðurstofu Íslands áður en byggingarleyfið verður veitt.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið kl. 16:50

Fundarritari: Sveinn Þórarinsson

Sign: Eiríkur J. Kjerúlf, Helga H. Vigfúsdóttir
Jón Þór Þorvarðarson